



Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 31. fundur sveitarstjórnar Blönduósbæjar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 6. desember 2016  
og hófst kl. 17:00

## Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, forseti  
Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður  
Anna Margrét Jónsdóttir, 1. varaforseti  
Zophonías Ari Lárusson, aðalmaður  
Hörður Ríkhartsson, aðalmaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, 2. varaforseti  
Sindri Páll Bjarnason, aðalmaður  
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri  
Þórður Pálsson, ritari

**Fundargerð ritaði:** Þórður Pálsson, ritari.

## Dagskrá:

### 1. Byggðaráð Blönduósbæjar - 76 - 1611003F

*Fundargerð 76. fundar byggðaráðs lögð fram til afgreiðslu á 31. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liður 1.2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

1.1 **1610007 - Fjárhagsáætlun 2017**

1.2 **1611018 - Hækkun launa kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum Blönduósbæjar**

*Afgreiðsla 76. fundar byggðaráðs staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*

### 2. Byggðaráð Blönduósbæjar - 77 - 1611005F

*Fundargerð 77. fundar byggðaráðs lögð fram til afgreiðslu á 31. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liðir 1.8, 1.9, 1.10, 1.11 og 1.12 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

2.1 **1611008 - Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð 28. október 2016**

2.2 **1611009 - SSNV - fundargerð stjórnar 20. október 2016**

2.3 **1611023 - SSNV - fundargerð stjórnar 8. nóvember 2016**



- 2.4 **1611019 - Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar dags. 11. nóv 2016**
- 2.5 **1611004 - Veiðifélag Blöndu og Svartár - fundargerð frá 3. nóvember 2016**
- 2.6 **1611006 - Reiðveganefnd Neista - beiðni um aðgang að malarnámu**
- 2.7 **1611005 - Reiðveganefnd Neista - styrkumsókn til framkvæmda fyrir árið 2017**
- 2.8 **1609016 - Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið - Byggðakvóti 2016/2017**  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðaráðs staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*
- 2.9 **1611010 - Sýslumaðurinn á NV - umsögn vegna leyfis - Aðalgata 6 - hótél**  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðaráðs staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*
- 2.10 **1611011 - Sýslumaðurinn á NV - umsögn vegna leyfis - Blöndubýggð 10 - gistiheimili**  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðaráðs staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*
- 2.11 **1611002 - Erindi v. safnsins Brúðubörn**
- 2.12 **Önnur mál**
- 1611025 - Samningur við verktaka um snjómokstur**  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðaráðs staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*
- 1603011 - Ljósleiðaravæðing í dreifbýli Blönduósbæjar**  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðaráðs staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*

### 3. **Fjárhagsáætlun 2017 – 1611021**

**Bæjarstjóri fór yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2017.**

**Forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:**

*Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2017 var unnin af byggðaráði og hefur verið góð samvinna milli meirihluta og minnihluta um áherslur við fjárhagsáætlunargerð. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur vaxi um 85 milljónir miðað við árið 2015 en gjöld um 45 milljónir kr. Launhækkunar skýra að mestu þessa hækkun gjalda.*



Niðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 50 milljónir en var 9. m.kr. árið 2015. Veltufé frá rekstri er 96 m.kr. en var 58 m.kr. árið 2015. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuldir samstæðunnar haldi áfram að lækka og að skuldaviðmið verði um 115% af tekjum í árslok 2017. Stefnt er að sölu einnar íbúðar á árinu 2017.

Fjárfestingar eru áætlaðar 70 m.kr. sem ætlaðar eru fyrst og fremst til viðhalds á eignum Blönduósbæjar. Stærsta einstaka framkvæmdin er áframhaldandi viðhald á Hnjúkabyggð 27. Þá eru lagðir fjármunir til viðhalds og kaupa á búnaði í öllum deildum. Gert er ráð fyrir 3% hækkun á gjaldskrá þó ekki á gjaldskrá leikskóla og skólalagheimilis. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir árið 2017 er áætluð jákvæð um 14,5 m.kr.

Í þriggja ára áætlun, fyrir árin 2018, 2019 og 2020, er gert ráð fyrir eignfærðum fjárfestingum að upphæð 210 m.kr. Gert er ráð fyrir lántöku upp á 130 m.kr. en jafnframt verði á þessum árum greidd niður lán um 245 m.kr. á því tímabili sem áætlunin nær til.

Sveitarstjórn vill þakka byggðaráði og starfsmönnum Blönduósbæjar fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki fjárhagsáætlunnar. Sveitarstjórn hefur átt gott samstarf við alla aðila við vinnu og þeirri stefnumörkun sem felst í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2017.

## Fulltrúar J-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar J-lista hyggjast ekki standa að fjárhagsáætlun vegna ársins 2017. Ástæður þess eru ýmsar. Niðurstaða ársins 2015 sýndi að fjármálastjórn hjá Blönduósbæ var áfátt og ekki er að fullu séð fyrir endann á því hvernig til mun takast á árinu 2016. Lausatök eru á öllum rekstri og samskipti yfirstjórnar við deildir, forstöðumenn og ekki síst byggðasamlög eru ekki eins og best væri kosið. Greiningar á rekstarþáttum og kerfisbundin samanburður við sambærileg sveitarfélög er vart fyrir hendi á sama tíma og forstöðumenn stórra málaflokka eru beðnir um að sýna ýtrasta aðhald enda þótt ekki verði annað séð en þar sé verið að eyða minna fé heldur en í ýmsum nágrennasveitarfélögum okkar. Mannaráðningar og tilfærslur starfsmanna hafa farið fram án auglýsinga og ekki í samræmi við auglýsta starfsmannastefnu bæjarins né í samræmi við samþykktir um stjórnun sveitarfélagsins. Stór verkefni á sviði atvinnamála sem umtalsvert fé hefur fengist í frá ríkisvaldinu hafa setið á hakanum af óútskýrðum ástæðum nema að það sé vegna döngunarleysis forystumanna í héraði. Af þessum sökum munum við sitja hjá við afgreiðslu þessarar fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun 2017 borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum VH, GHJ, ZAL, AMJ. Fulltrúar J-lista sátu hjá þau HR, SB, OMG.

Byggðaráð leggur fram eftirfarandi gjaldskrár fyrir árið 2017 til staðfestingar hjá sveitarstjórn:

## BLÖNDUÓSBÆR - Skattar og gjaldskrár

2017

Útsvar	
Útsvarshlutfall	14,52%
Álagning fasteignagjalda	
Fasteignaskattur - A flokkur	0,50%
Fasteignaskattur - A flokkur - hesthús	0,50%



Fasteignaskattur - B flokkur - opinberar stofnanir	1,32%
Fasteignaskattur - C flokkur - annað húsnæði	1,60%
Vatnsgjald - íbúðarhúsnæði	0,31%
Vatnsgjald - selt eftir mæli hver rúmmeter (20. kr./m <sup>3</sup> - bvísit. 119,3 - des 2013)	21,93 kr.
Holræsagjald	0,285%
Lóðaleiga - af fasteignamati lóðar	2%
Lágmarks lóðarleiga - ræktunar- og beitolönd	8.550 kr.
Leiga á ræktunarlandi, hektari.	6.400 kr.

## Gæludýrahald

Skráningargjald - eingreiðslugjald gildir bæði um hunda og ketti	2.950 kr.
Hundar og kettir - handsömun 1. skipti	9.850 kr.
handsömun 2. skipti	17.700 kr.
handsömun 3. skipti	27.050 kr.
handsömun ekkert leyfi	21.250 kr.
Hundaleyfisgjald, árgjald - ábyrð	9.400 kr.
Kattaleyfisgjald, árgjald	3.350 kr.
Vikugjald á hross í hagagöngu í Vatnahverfi og Kúagirðingu	370 kr.

## Leikskólinn Barnabær

Hver klst. á mánuði	3.385 kr.
Systkinaafsláttur 35%	2.205 kr.
Forgangshópur 40%	2.035 kr.
4 kst. - Dvalargjald	13.555 kr.
Systkinaafsláttur 35%	8.815 kr.
Forgangshópur 40%	8.135 kr.
Systkinaafsláttur forgangshópa	5.285 kr.
5 kst. - Dvalargjald	16.945 kr.
Systkinaafsláttur 35%	11.020 kr.
Forgangshópur 40%	10.170 kr.
Systkinaafsláttur forgangshópa	6.610 kr.
6 kst. - Dvalargjald	20.330 kr.
Systkinaafsláttur 35%	13.215 kr.
Forgangshópur 40%	12.200 kr.
Systkinaafsláttur forgangshópa	7.925 kr.
7 kst. - Dvalargjald	23.685 kr.
Systkinaafsláttur 35%	15.420 kr.
Forgangshópur 40%	14.240 kr.
Systkinaafsláttur forgangshópa	9.250 kr.
8 kst. - Dvalargjald	27.115 kr.
Systkinaafsláttur 35%	17.620 kr.
Forgangshópur 40%	16.265 kr.
Systkinaafsláttur forgangshópa	10.565 kr.
3ja barn, dvalargjald	0 kr.
Morgunmatur	1.655 kr.
Hádegismatur	3.895 kr.
Síðdegishressing	1.655 kr.
Hálftímagjald	1.695 kr.
Systkinaafsláttur 35%	1.180 kr.
Forgangshópur 40%	1.360 kr.
Systkinaafsláttur forgangshópa	715 kr.
Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og skóladaheimilis. Hæsti afsláttur reiknast af lágsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af dvalargjaldi, ekki af fæði eða öðrum gjöldum.	

## Grunnskóli

Skólastofa, stór - leiga í eina nótt	5.400 kr.
Stólar pr. stk. - allt að 24 klst	180 kr.
Skólastofa til fundarhalda 4 klst	4.000 kr.
Skólastofa til fundarhalda, hver viðbótar klst.	850 kr.
Tölvaleiga - hver klst.	450 kr.



Tölvuver 5 klst námskeið	21.500 kr.
Myndvarpi (úr skóla) allt að 24 klst	2.900 kr.
Skjávarpi (úr skóla) allt að 24 klst	5.700 kr.
Ljósritun pr. stk. - hámark 100 stk.	18 kr.
Leiga á skólamötuneytissal	

## Skólamáltíðir

Yngri börn (1.-4. bekkur),	385 kr.
Eldri börn (5.-10. bekkur),	425 kr.

## Skóladagheimili

Vistun - pöntuð fyrirfram	klst.	240 kr.
Aukatími hver klst.	klst.	295 kr.
Síðdegishressing, hvert skipti	skipti	95 kr.
Systkynaafláttur - 35%		
Forgangshópar - 40 %		

## Íþróttamiðstöðin á Blönduósi

	ein.	
Stakt gjald fullorðnir (18 ára og eldri)	krónur	1.000 kr.
10 miða kort fullorðnir (18 ára og eldri)	krónur	7.000 kr.
30 miða kort fullorðnir (18 ára og eldri)	krónur	13.000 kr.
Árskort fullorðnir (18 ára og eldri)	krónur	33.000 kr.
Stakt gjald börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	krónur	300 kr.
10 miða kort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	krónur	2.000 kr.
30 miða kort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	krónur	5.000 kr.
Árskort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	krónur	15.500 kr.
Leiga per braut	klst.	3.500 kr.
Leiga fyrir alla sundlaugina	klst.	13.000 kr.
Leiga á handklæði	krónur	600 kr.
Leiga á sundfatnaði	krónur	600 kr.
Leiga á sundfatnaði og handklæði	krónur	900 kr.
Þrek/sund stakur tími	krónur	1.900 kr.
Þrek/sund stakur tími skólaverð (14-18 ára)/eldri borgarar	krónur	900 kr.
Þrek/sund 10 tíma kort - gildir í eitt ár	krónur	9.500 kr.
Þrek/sund 10 tíma kort (skólaverð) - gildir í eitt ár	krónur	6.000 kr.
Þrek/sund mánaðarkort	krónur	11.000 kr.
Þrek/sund mánaðarkort (skólaverð) - gildir í eitt ár	krónur	7.500 kr.
Þrek/sund 3 mánaða kort	krónur	17.000 kr.
Þrek/sund 3 mánaða kort (skólaverð) - gildir í eitt ár	krónur	12.500 kr.
Þrek/sund 6 mánaða kort	krónur	24.500 kr.
Þrek/sund 6 mánaða kort (skólaverð) - gildir í eitt ár	krónur	17.500 kr.
Árskort þrek/sund	krónur	45.000 kr.
Árskort þrek/sund (skólaverð, gildir fyrir 15 og 16 ára)	krónur	32.000 kr.
25% afláttur af árskortum fyrir starfsmenn Blönduósbæjar		
Leiga á sal 1/1	klst.	8.000 kr.
Leiga á sal 1/3	klst.	4.000 kr.
Leiga á sal 2/3	klst.	5.500 kr.
Leiga á norðursal	klst.	4.000 kr.
Oldboys stakir tímar	klst.	750 kr.
Badminton stakir tímar		750 kr.
Badminton fyrirframgreitt. Tvisvar í viku		15.000 kr.
Körfubolti stakir tímar		600 kr.
Körfubolti fyrirframgreitt. Tvisvar í viku		11.500 kr.



## Akstursþjónusta fatlaðra

Gjaldskrá tengd strætisvagnagjaldi fatlaðra og öryrkja

## Félagsstarf aldraðra

Álagning vegna efnissölu 50%

## Gjaldskrá sorps

	ein.	
Sorp frá sumarhúsum innan sveitarfélagsins	á ári	20.900 kr.
Tæmingar rotþróa í sveitarfélaginu, 0 – 2000 ltr., árgjald	ein tæming	9.600 kr.
Sama 2001 – 4000 ltr.	ein tæming	12.200 kr.
Sama 4001 – 6000 ltr.	ein tæming	13.200 kr.
Sama, stærrri en 6000 ltr.	hver rúmm.	16.600 kr.
Aukatæming	hvert skipti	9.600 kr.
<b>Sorpgjald heimila</b>		
sorphirða		20.900 kr.
sorpörgun		<u>20.900 kr.</u>
alls íbúðahúsnæði		41.800 kr.
<b>Endurvinnslustöð - gjaldskyldur úrgangur</b>		
0,25 m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	1.000 kr.
0,50 m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	2.000 kr.
0,75 m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	3.000 kr.
1 m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	4.000 kr.
Stærri farmar eftir magni að 5 m <sup>3</sup>		

## Þjónustumiðstöð og vinnuskóli

	ein.	
Vörubíll með krana#	hver klst.	9.000 kr.
Dráttarvél Case#	hver klst.	7.500 kr.
Haugsuga#	hver klst.	2.500 kr.
Kerrur#	daggjald	5.000 kr.
Jarðvegsþjappa#	daggjald	7.500 kr.
<u>#innri leiga - tækjaleiga ekki heimil</u>		
Sláttuorð, daggjald	daggjald	3.000 kr.
Sláttuvél með drifi, daggjald	daggjald	3.000 kr.
Vinnuskóli, sleginn garður, lítill	hvert skipti	7.500 kr.
Vinnuskóli, sleginn garður, meðalstór	hvert skipti	9.500 kr.
Vinnuskóli, sleginn garður, stór	hvert skipti	12.000 kr.
Verkamaður, útseld dagvinna	hver klst.	5.160 kr.
Verkamaður, útseld yfirvinna	hver klst.	9.288 kr.
Vinnuskóli, útseld vinna	hver klst.	1.500 kr.

## Ljósleiðarakerfi Blönduósbæjar\*

Mánaðarlegt tengigjald	2.900 kr.
Stofngjald tengingar	250.000 kr.

\*Eingöngu í dreifbýli Blönduósbæjar

Forseti lagði til að gjaldskrárnar verði bornar upp í einu lagi og var það samþykkt. Að loknum umræðum var gjaldskráin samþykkt með 4 atkvæðum VH, GHJ, ZAL, AMJ fulltrúar J-lista sitja hjá þau HR, SB, OMG.



Lagt er til að útsvarshlutfall 2017 verði hámarksútsvar. Miðað er við að útsvarshlutfall Blönduósbæjar fyrir árið 2017 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,52%. Útsvarshlutfallið var borið undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum VH,ZAL,GHJ,AMJ. 3 sátu hjá HR,SB,OMG.

#### 4. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 26 - 1611006F

*Fundargerð 26. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar lögð fram til afgreiðslu á 31. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liðir 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

##### 4.1 **1507002 - Urðarbraut 1 - Breyting á gluggum**

*Afgreiðsla 26. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 7 atkvæðum.*

##### 4.2 **1611029 - Húnabraut 19 - Umsókn um breytta notkun**

*Afgreiðsla 26. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 6 atkvæðum. GHJ vék af fundi við umræðu og afgreiðslu á þessum lið.*

##### 4.3 **1611030 - Hótel Blanda ehf. - Umsókn um byggingarleyfi**

Lagt fram til kynningar.

##### 4.4 **1611001 - Ámundakinn ehf. - Umsókn um lóð**

Lagt fram til kynningar.

##### 4.5 **1510002 - Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi.**

*Afgreiðsla 26. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 31. fundi sveitarstjórnar 6. desember 2016 með 6 atkvæðum. HR vék af fundi við umræðu og afgreiðslu um þennan lið.*

##### 4.6 **Afgreiðslufundur byggingafulltrúa – 12 – 1611008F**

Lagt fram til kynningar.

4.7

##### **Afgreiðslufundur byggingafulltrúa – 13 – 1611009F**

Lagt fram til kynningar.

#### 5. Trúnaðarmál - 1612002

*Fært í trúnaðarbók.*



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:07**

---

Valgarður Hilmarsson

---

Guðmundur Haukur  
Jakobsson

---

Anna Margrét Jónsdóttir

---

Zophonías Ari Lárusson

---

Hörður Ríkharðsson

---

Oddný María Gunnarsdóttir

---

Sindri Páll Bjarnason

---

Arnar Þór Sævarsson

---

Þórður Pálsson

---